

**Fundargerð fundar Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, þann 5. apríl 2016, kl 13.00. Haldinn í símafundi.**

Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Karl Kristjánsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Einnig sátu á fundinum Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdarstjóri FV og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri FV sem einnig ritaði fundargerð.

1. Tillaga Samgönguáætlun 2015-2018

Samgöngunefnd fagnar því að búið sé að leggja fram Samgönguáætlun 2015-2018 og þar sé búið að ákveð að hrinda í framkvæmd stærstu verkefnum sem legið hafa fyrir á Vestfjörðum í áratug. Samgöngunefnd hvetur Alþingi til að samþykkja áætlunina. Á fundinum var fjallað um þá þætti sem þarf að elfa í samgönguáætlun eins og vetrarþjónusta vega og viðhald malarvega á Vestfjörðum, akstursleiðin um Bjarnarfjarðarháls, , akstursleiðin um Veidileysuháls, Dýrafjarðargöng, eflingu þjónustu Baldurs, flugvellir og flugvallarstæði, einbreiðar brýr, tengivegi, Álftafjarðargögn og hafnir.

Nefndin felur starfsmönnum að vinna umsögn upp úr framlögðum punktum og senda til umsagnar til sveitarfélaga.

2. Þróun farþegafjölda á landsbyggðinni – Strætó.is – lagt fram til kynningar.
3. Umsókn til Vegagerðar varðandi þróunarverkefni- „almenningsamgöngur á milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar“ kynnt.

Næsti fundur ákveðin mánudaginn 25. apríl 2016.

Fundi slitið kl. 14:16  
Lína Björg Tryggvadóttir